

Fundur í stjórn ÞYTS 21. ágúst 2017

Mættir: Pétur, Sindri, Árni Geir, Jóhann, Árni Þór.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Formaður lagði fram eyðublað til notkunar við ábendingar til stjórnar. Efasemdir komu upp um að skriflegar ábendingar verði notaðar af klúbbfélögum eða öðrum. Samþykkt að prófa og sjá hvernig gengur.
3. Gjaldkeri upplýsti að nægur peningur væri inni fyrir launum Rebeccu og samþykktum kaupum á Optimist bátum.
4. Gjaldkeri fór yfir rekstrarútgjöld. Sindri gerði grein fyrir einstökum reikningum.
5. Haustdagskrá. Formaður lagði fram drög að áætlun um hauststarf yngstu flokka.
6. Gjaldkeri upplýsti að búið væri að taka saman félagaskrá úr Felix prógraminu. Hann gerði grein fyrir samantekt á nöfnum þeirra félaga sem hafa greitt árgjald. Hann lýsti einnig upplýsingaöflun úr þjóðskrá vegna fjölskyldumeðlima. Eðli félagsstarfs rætt.
7. Sindri greindi frá að einn af gæslubátunum sé farinn að skemmast og þarfnist viðgerðar. Greindi einnig frá að viðhaldsáætlun framleiðanda kalli eftir að skipt sé um vatnsdæluhjól á ákveðnu tímabili og nú sé komið fram yfir það tímabil. Leggur til að skipt verði um umrætt hjól. Tillaga Sindra samþykkt.
8. Rædd vetrardagskrá mótorbáta 10-14 á sunnudögum í október og nóvember.
9. Ræddur möguleiki á útgáfu félagsskírteina.
10. Formaður greindi frá tilboði um ræstingu á húsnæðinu einu sinni í mánuði. Tilboðið hljóðar upp á kr 15000 í hvert skipti. Samþykkt að taka tilboðinu til reynslu.
11. Formaður ræddi gjöld fyrir uppsátur og drög að geymslusamningi. Mikilvægt sé að gerður sé skriflegur samningur um geymslu allra einkabáta.
12. Rædd geymsla á stórum möstrum.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Bærinn hefur farið fram á að fjárhagsáætlanir klúbba liggja fyrir í september. Nokkrir kostnaðarliðir ræddir.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.